

*Alþingi  
Erindi nr. P 139/391  
komudagur 25.11. 2010*

TIL Efnahags- og skattanefndar Alþingis

Frá Strætó bs.

Efni: Umbeðin umsögn – frumvarp – ríkisfjármál – 200. mál

Almenningssamgöngur eru umhverfisvænar í eðli sínu. Ríkisvaldið hefur kosið að setja vaxandi álögur á þessa þjónustu á undangengnum árum.

Hér eru álögur enn auknar með hækkun á kolefnis- og olíugjöldum.

**Kolefnisgjald:**

Almenningssamgöngur eru vistvænar á þann hátt að með aukinni samnýtingu má draga úr einkaakstri. Því er hækkandi álagning gjaldsins hindrun í vegi eflingar þjónustu almenningsvagna.

**Olíugjald:**

Frá því umræður hófust um olíugjald hefur Strætó bs. (áður AV / SVR) óskað eftir að upptaka þess leiddi ekki til hækkunar gjaldtöku eða fjárbindinga. Við því varð ekki orðið, álögur auknar. Endurgreiðsla sem er einungis að þeim hluta sem ekið er á eigin götum sveitarfélaganna, nær að engu til álagningar vsks. Við þessu má bregðast með hækkun endurgreiðsluhlutfalls ef vill.

Hækkun gjaldanna vinnur gegn þjónustu almenningsvagna.

Rvk. 24. nóv. 2011

Strætó bs.